

Fundargerð 63. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 14. september 2020, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019. Greinargerð stýrihópsins
2. Endurskoðun byggðaáætlunar
3. Framkvæmd byggðaáætlunar
 - Almenn. Undirbúningur fyrir skýrslu ráðherra til Alþingis
 - Aðgerð B.6 Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu
4. Árlegir samráðsfundir stýrihóps og landshlutasamtaka
5. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Anna Katrín Einarsdóttir (ANR), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN, mætti kl. 13:10), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Bjarni Guðmundsson (landshlutasamtökunum), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Þór Þórarinsson (FRN), Þórarinn V. Sólmundarson (MRN), Karl Björnsson (Sambandinu) og Hrunn Hafteinsdóttir (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sóknaráætlanir landshluta 2015-2019

Fyrir fundinn hafði verkefnisstjóri sent stýrihópnum lokadrög greinargerðar sóknaráætlana landshluta 2015-2019. Nokkrar ábendingar komu fram á fundinum, m.a. að draga betur fram aðalatriðin úr skýrslunni í samantekt fremst. Óskaði verkefnisstjóri eftir athugasemdum stýrihópsins fyrir vikulokin auk þess sem skjalið verður sent landshlutasamtökunum til skoðunar. Greinargerðin verður birt á netinu.

2. Endurskoðun byggðaáætlunar

Formaður ræddi undirbúning endurskoðunar byggðaáætlunar, en lögum samkvæmt skal hún endurskoðuð á a.m.k. þriggja ára fresti. Haldinn var samráðsfundur 11. júní sl. sem markaði upphaf þessarar endurskoðunar. Áætlað er að grænbók (stöðuskýrsla) fari í samráðsgátt stjórnvalda í lok október n.k. og að tillaga til þingsályktunar verði tilbúin í lok mars 2021. Fram kom að mikil áhersla verður lögð á samráð, ekki hvað síst við önnur ráðuneyti og landshlutasamtök sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að halda tvo fundi í hverjum landshluta og með hverju ráðuneyti, annars vegar við undirbúning grænbókar og hins vegar við undirbúning þingsályktunar. Jafnframt er áætlað að halda samráðs- og kynningarfund með þingflokki. Í umræðum um málið var m.a. rætt um samþættingu opinberra áætlana og bent á að kostur væri ef tengja mætti einstakar aðgerðir sem eru á ábyrgð annarra ráðuneyta í gegnum fimm ára fjármálaáætlun.

3. Framkvæmd byggðaáætlunar

- a. Almenn. Undirbúningur fyrir skýrslu ráðherra til Alþingis

Formaður greindi frá því að hafin er undirbúningur að vinnu við árlega skýrslu ráðherra um framkvæmd byggðaáætlunar. Áætlað er að hún verði lögð fyrir Alþingi í desember. Sendur verður póstur til tengiliða allra aðgerða og óskað eftir upplýsingum um stöðu þeirra.

b. Aðgerð B.6 Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu

Framkvæmd aðgerðarinnar *Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu* er ekki hafinn. Markmið aðgerðarinnar er að auðvelda fólki utan höfuðborgarsvæðisins að sækja vinnu frá heimili. Vestfjarðastofa hafði sent stýrihópnum erindi, dags. 9. september sl., þar sem stýrihópurinn var hvattur til þess að vinna að framgangi aðgerðarinnar.

Talsverð umræða varð um þennan lið. Stýrihópurinn er sammála um að aðgerðin er ekki nægilega skýrt fram sett í byggðaáætlun og að hún megi ekki verða til þess að hvatt sé til notkunar á einkabíl og þá sérstaklega ekki á kostnað almenningsgangna þar sem þær eru fyrir hendi. Rætt var um að ekki er til greining á ferðavenjum fólks til og frá vinnu og því erfitt að kostnaðarmeta aðgerðina. Stýrihópurinn leggur það til við fjármála- og efnahagsráðuneytið að það hafi frumkvæði að því í samráði við Skattinn að greina ferðavenjur fólks í tengslum við vinnusókn.

Niðurstaða stýrihópsins er að aðgerðin verði tekin til endurskoðunar í tengslum við endurskoðun byggðaáætlunar.

4. Árlegir samráðsfundir stýrihóps og landshlutasamtaka

Frá árinu 2015 hefur það fyrirkomulag verið að stýrihópurinn fundar árlega með hverjum landshluta, alls átta fundir á hverju hausti. Annað hvert ár hafa fundirnir verið haldnir í viðkomandi landshluta, en oft hefur þátttaka ekki verið góð. Jafnframt hafa verið haldnir samráðsfundir í Reykjavík, þar sem allir mæta og farið yfir einhver tiltekin málefni.

Í umræðu meðal stýrihóps og landshlutasamtaka hefur verið að breyta fyrirkomulagi föstu fundanna og voru ræddar ýmsar hugmyndir. Ákveðið var að Sigríður, í samstarfi við Bjarna (SASS), sendi framkvæmdastjórum landshlutasamtakanna póst og bjóði þeim að hafa skoðun á fyrirkomulagi og efni samráðsfundanna.

5. Önnur mál

Fulltrúi ANR greindi frá því að unnið sé að mótun klasastefnu. Ákveðið að fá kynningu á þeirri vinnu á næsta fundi stýrihópsins og mun Ásta Kristín Sigurjónsdóttir ANR sjá um þá kynningu.

Næsti fundur verður mánudaginn 5. október kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40